

Ár 2015, fimmtudaginn 8. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, kveðinn upp í máli nr. S-265/2015:

Ákærvaldið

(Hulda María Stefánsdóttir ftr.)

gegn

Mirjam Foekje van Twuijver

(Jóhannes Árnason hdl.)

og

Atla Frey Fjölnissyni

(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.)

svofelldur

dómur:

Mál þetta, sem dómtekið var 29. september sl., er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, útgefinni 26. júní 2015, á hendur Mirjam Foekje van Twuijver, hollenskum ríkisborgara, fæddri 9. apríl 1969, og Atla Frey Fjölnissyni, kennitala 000000-0000, Sundlaugavegi 12, Reykjavík, „fyrir að hafa bæði staðið að stórfelldu fíkniefnalagabroti á árinu 2015:

1. Gegn ákærðu Mirjam, með því að hafa föstudaginn 3. apríl, á Keflavíkurflugvelli að beiðni ótilgreindra aðila, flutt hingað til lands með flugi FI-501 frá Amsterdam Hollandi, samtals 9.053,55 g af amfetamíni að 69 til 70% styrkleika, 194,81 g af kókaíni að 64% styrkleika og 10.027,25 g af MDMA, að 78% styrkleika, ætluðu til söludreifingar hér á landi í ágóðaskyni. Efnin flutti ákærða hingað til lands falin í tveimur ferðatöskum.

2. Gegn ákærða Atla Frey, fyrir að hafa þriðjudaginn 7. apríl, við Hótel Frón, Laugavegi 22a, Reykjavík, tekið á móti pakkningum og tösku frá ákærðu Mirjam sem hann taldi að innihéldu öll framangreind ávana- og fíkniefni, og fyrir að hafa ætlað [að] koma þeim áleiðis til ótilgreindra aðila hér á landi til að hægt yrði að

koma efnunum í söludreifingu, en lögreglan hafði þá áður lagt hald á efnin og komið fyrir gerviefni í þeirra stað.

Telst háttsemi ákærðu beggja varða við 173. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 64/1974 og 1. gr. laga nr. 32/2001 og sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga að því er varðar ákærða Atla Frey.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Jafnframt er þess krafist að gerð verði upptæk þau fíkniefni sem hald var lagt á, samkvæmt heimild í 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002.“

Ákærða Mirjam kom fyrir dóminn við þingfestingu málsins og játaði að hafa flutt inn til landsins þau fíkniefni sem fundust í farangri hennar en neitar að hafa átt þátt í því að hafa flutt inn þau fíkniefni sem fundust í farangurstösku dóttur hennar sem kom með henni til landsins. Ákærði Atli Freyr játaði fyrir dómnum að hafa verið á staðnum eins og segir í ákæru en neitar sök að öðru leyti.

Krafðist ákærða Mirjam sýknu vegna þeirra fíkniefna sem fundust í farangri dóttur hennar og vægustu refsingar sem lög leyfa vegna þeirra efna sem hún hefur játað að hafa komið með til landsins. Ákærði Atli Freyr krafðist sýknu en til vara vægustu refsingar er lög leyfa. Þá er gerð krafa um málsvarnarlaun og að þau verði greidd úr ríkissjóði.

Málsatvik.

Upphaf máls þessa er að ákærða Mirjam Foekje van Twujiver, ásamt dóttur sinni A, kom til Íslands með flugi frá Hollandi þann 3. apríl sl. Voru þær með sína ferðatöskuna hvor og voru stöðvaðar við tolleftirlit. Kom í ljós að umtalsvert magn fíkniefna var í hvorri tösku. Voru þær handteknar í kjölfarið. Kvaðst ákærða Mirjam eiga að hringja í ákveðið símanúmer og hitta mann sem myndi taka við töskunni hennar og neitaði að hafa haft vitneskju um að fíkniefni hafi verið í tösku dóttur hennar. Í framhaldi fylgdi lögreglan þeim á hótél þar sem Mirjam hitti ákærða Atla Frey og afhenti honum fíkniefnin.

Skýrslur fyrir dómi.

Ákærði Atli Freyr kom fyrir dóminn og kvaðst hafa verið í samkvæmi þar sem hann hafi hitt mann. Sá hafi kynnt sig sem Bart og sagst vera hollenskur. Sá hafi beðið sig um að sinna ákveðnu verkefni. Bart hafi látið sig hafa síma og 160.000 þúsund krónur fyrir viðvikið og síðan átti hann að fá einhverja greiðslu þegar hann væri búinn að skila töskunni. Hann hafi átt að fara að Hótel Frón á Laugavegi og taka á móti töskum. Ákærði kvaðst hafa hitt Bart um viku áður en mæðgurnar komu. Ekki hafi hvarflað að sér eina mínútu að það væru fíkniefni sem hann átti að sækja. Hann hefði aldrei farið á staðinn ef hann hefði grunað að um fíkniefni væri að ræða, hann hafi talið þetta vera stera. Aðspurður hvers vegna hann hafi ekki notað sinn eigin síma kvað hann manninn hafa látið sig hafa síma sem hann hefði

átt að nota. Maðurinn hafi sent sér skilaboð í símann og m.a. um að tímaáætlun hefði breyst. Ákærði hafi átt að taka upp á Hótel Frón mæðgur og töskurnar þeirra og fara með þær á Grand Hótel. Alla vega hafi hann átt að sækja töskurnar og fara með þær á Grand Hótel en hann mundi ekki hvað hann átti að gera við mæðgurnar. Ákærði hafi þar átt að fá viðbótargreiðslu, gæti verið tvö til þrjú hundruð þúsund krónur. Ákærði kvaðst ekkert muna eftir fyrstu skýrslutökunni hjá lögreglu. Aðspurður kvaðst ákærði ekki geta sagt til um það hvers vegna hann hafi ekki sagt lögreglunni strax frá því að hann hafi talið að um stera væri að ræða. Ákærði kvaðst hafa verið nýkominn út af geðdeild þegar atvikið átti sér stað en hann hafi verið þar vegna geðrofsástands, þráhyggju og fleira. Þá hafi ákærði farið í margar meðferðir á Vog en hann hafi verið undir áhrifum ýmissa lyfja þegar hann var handtekinn. Ákærði kvaðst vera atvinnulaus og ekki í skóla en hann væri í sambúð með barnsmóður sinni.

Ákærða Mirjam kvaðst fyrir dóminum játa að hafa vitað af fíkniefnum í farangurstösku sinni en ekki hafa vitað að fíkniefni væru í tösku dóttur sinnar. Ákærða kvaðst hafa verið í mjög erfiðum aðstæðum heima hjá sér. Hún hafi misst allt og ekki átt neitt þannig að dóttir hennar hafi þurft að búa hjá vinkonu sinni. Ákærða hafi verið í erfiðu sambandi með karlmanni. Þá hafi hún kynnst manni, Jeroen Bol, sem hafi boðið henni að koma með sér til Reykjavíkur, sem hún hafi gert í tvígang. Hún hafi fengið um fimm þúsund evrur greiddar fyrir fyrri ferðina en tíu þúsund evrur fyrir seinni ferðina. Ákærða hafi ekki vitað í fyrstu ferðinni að verið væri að flytja fíkniefni til Íslands en í næstu ferð hafi hana farið að gruna það. Ákærða kvaðst hafa pakkað sjálf farangri sínum í þeim ferðum.

Síðar hafi hún kynnst Nikki og Jeroen Knip, Knip sé viðurnefni, sem hafi beðið hana að fara í þessa ferð. Þau hafi komið nokkrum sinnum heim til ákærðu. Ákærða hafi verið í það miklum fjárhagsvandræðum að hún hafi bara átt tvo kosti, annars vegar að fara í vændi og hins vegar að fara í svona ferð. Þau hafi spurt hana hvort ákærða gæti tekið sama magn af fíkniefnum og hún hafði þegar farið með í tvígang, þ.e. um tvö til þrjú kíló, en hún hafi ekki vitað hvaða efni það voru. Ákærða hafi spurt þau hvort dóttir hennar mætti koma með þar sem þær hefðu átt svo erfitt tímabil og aldrei farið tvær saman í frí. Ákærðu hafi því langað til að nota ferðina sem einhvers konar lokun á erfiðu tímabili. Ákærða kvaðst hafa bókað flugið fyrir þær sjálf en fengið peninga til þess frá Nikki og Knip. Ákærða hafi einnig valið hótelið sjálf. Ákærða kvaðst hafa átt að fá tuttugu þúsund evrur fyrir ferðina. Ákærða kvað ferðina hafa verið ákveðna með viku fyrirvara. Nikki hafi komið heim til ákærðu í nokkur skipti í þeirri viku. Ákærða hafi ekki átt neitt og ekki ferðatösku heldur. Nikki hafi því sagt að þau gætu séð um að pakka niður fyrir ákærðu og dóttur hennar og ákærða þyrfti ekki að hafa áhyggjur af því. Ákærða kvaðst hafa ítrekað spurt þau hvort hún væri ekki að fara með sama magn og ákærða hafði farið með áður með Jeroen og hún hafi einnig ítrekað að dóttir hennar ætti ekki að vera viðriðin innflutninginn. Nikki hafi komið kvöldið áður og ákærða látið hana hafa fatnað fyrir ferðina af sér og dóttur sinni. Mikið hafi verið að gera hjá ákærðu á þessum tíma, þetta hafi verið mjög skítinn tími og hún hafi treyst Nikki og Knip. Knip hafi komið seint um morgun, sótt þær og ekið þeim á flugvöllinn. Hann hafi látið þær hafa töskurnar á flugvellinum og tekið fram hvor átti hvaða tösku. Hún hafi því treyst því að engin fíkniefni væru í tösku dóttur hennar. Knip hafi sagst ætla að fylgjast með þeim í innritun og tíminn hafi verið naumur. Ákærða hafi því ekki haft tíma til að skoða í tösku dóttur sinnar. Hún hafi ekki talið sig þurfa að spyrja Knip hvort fíkniefni væru í tösku dótturinnar, hún hafi

áður verið búin að segja honum að dóttir hennar ætti að vera fyrir utan þetta. Hún hafi því treyst honum. Ákærða lýsti erfiðu lífi sínu fyrir dómnum. Ákærða kvaðst hafa liðsinnt lögreglu eins og hún gat við rannsókn málsins, fundið Facebook-síðu Nikki og Jeroen auk þess að finna út hvar þau bjuggu. Þá hafi hún tekið þátt sem tálbeita eftir að hún var handtekin hér á landi. Ákærða kvað afleiðingar þess að hafa liðsinnt við rannsókn málsins vera að hún gæti aldrei farið í heimabyggð sína aftur þar sem hún óttist um líf sitt. Hún hafi fengið hótanir. Þá hafi vinir hennar snúið baki við henni vegna málsins. Ákærða kvaðst aðspurð fyrst hafa séð töskurnar þegar þær komu á flugvöllinn en rangt væri haft eftir dóttur hennar hjá lögreglu að hún hafi séð töskuna fyrst heima hjá þeim. Ákærða kvaðst hafa látið þau Nikki og Jeroen hafa föt fyrir sig og dóttur sína fyrir helgarferðina en það hafi ekki allt skilað sér í töskurnar. Dóttir hennar sé sautján ára og þurfi því mikið af fötum. Ákærða kvaðst ekki muna hvor þeirra tók töskurnar af færibandinu í Keflavík, þær hafi gert það saman. Þá hafi ákærða ekkert velt því fyrir sér að hvor taska hafi verið um tíu kíló, þær voru bara svo fegnar að vera komnar til Íslands og hlökkudu til helgarinnar. Aðspurð um framburð ákærðu hjá lögreglu um að hún hafi átt að fá þrjátíu til fimmtíu þúsund evrur fyrir ferðina, kvað ákærða það vera rangt, hún hafi átt að fá þá greiðslu ef hún hefði farið til landsins með húsbíl.

Vitnið A gaf símaskýrslu fyrir dómnum. Vitnið nýtti sér rétt sinn um að svara ekki spurningum varðandi móður sína. Aðspurt kvaðst vitnið staðfesta að rétt væri eftir því haft í lögregluskýrslum sem liggja fyrir í málinu. Vitnið kvaðst ekki hafa séð töskurnar fyrr en á flugvöllinum, ekki væri rétt að það hafi séð þær heima hjá sér.

Vitnið B, móðir ákærða Atla Freys, kom fyrir dómnum og lýsti erfiðri æsku ákærða Atla og meðferðarúræðum sem hann hafi reynt að nýta sér.

Vitnið C, aðalvarðstjóri hjá Tollstjóra, kom fyrir dómnum og kvaðst hafa haft afskipti af ákærðu eftir gegnumlýsingu á töskunum. Vitnið hafi tekið stúlkuna og skoðað innihald tösku hennar en annar tollvörður hafi skoðað innihald tösku ákærðu Mirjam. Stúlkan hafi verið mjög hissa á því að vera stöðvuð og hafi orðið meira undrandi þegar innihald töskunnar kom í ljós. Stúlkan hafi strax sagt að hún hafi ekki pakkað sjálf í töskuna. Vitnið var í beinu sambandi við tollvörðinn sem skoðaði tösku móðurinnar. Móðirin hafi verið í miklu uppnámi og kvaðst ekkert kannast við innihald töskunnar. Vitnið kvaðst hafa reynt að róa móðurina niður og útskýrt fyrir henni að enn sem komið var væri bara um grun að ræða. Þegar stikkprufa hafi sýnt að um fikniefni væri að ræða hafi lögreglan verið kölluð til. Stúlkan hafi sagt móður sína hafa séð um að láta pakka niður. Stúlkan hafi sagt við vitnið að hún tryði því ekki að móðir hennar væri að gera sér þetta. Stúlkan kvaðst ekki hafa komið til Íslands áður. Móðirin hafi sagt tollverðinum sem skoðaði innihald hennar tösku að þetta væri fyrsta ferð hennar til landsins en við skoðun hafi komið í ljós að hún hafði komið tvisvar til landsins áður.

Vitnið D rannsóknarlögreglumaður kom fyrir dómnum og kvað mæðgurnar hafa komið til landsins í byrjun apríl. Þegar lögreglan kom að málinu hafi verið búin að finna mikið af fikniefnum í töskum þeirra. Ákærða hafi strax útskýrt að hún ætti að fara á ákveðið hótél og ætti að hringja í ákveðið númer. Framburður þeirra beggja hafi verið á þá leið að stúlkan hafi ekki vitað af efnunum en móðirin hafi ætlað að flytja inn fikniefni. Ákærða hafi sagst hafa komið tvisvar áður með Jeroen Bol til Íslands en hann hafi þá verið að flytja inn fikniefni. Skýrsla hafi verið tekin

af Bol í Hollandi og hafi hann sagt að það hafi verið ákærða sem hafi flutt inn fíkniefni í þeim ferðum sem hann fór með henni til Íslands. Nikki og Knip hafi verið flutt til Spánar þegar lögreglan reyndi að finna þau. Vitnið kvað töskurnar hafi verið innritaðar í Amsterdam, önnur á stúlkuna og hin á ákærðu.

Vitnið E rannsóknarlögreglumaður kom fyrir dóminn og kvaðst hafa komið að málinu eftir handtöku ákærðu. Vitnið hafi tekið þátt í að skipta út fíkniefnum á hótelinu. Á hótelinu hafi verið símasamskipti þannig að móðirin hafi verið beðin að koma út með pakkann og tösku, sem hún hafi gert. Ákærði Atli Freyr hafi verið í bifreiðinni og tekið á móti þessu. Þegar ákærða Mirjan hafi verið komin inn á hótelið aftur hafi ákærði Atli verið handtekinn.

Vitnið F lögreglumaður kom fyrir dóminn og kvaðst hafa komið að handtöku ákærða Atla. Honum var greinilega brugðið við handtökuna. Ákærði hafi verið búinn að setja pakkann og töskuna í skottið á bílnum sínum þegar hann var handtekinn. Vitnið kvaðst ekki hafa séð sérstaklega að ákærði hafi verið undir áhrifum lyfja eða fíkniefna en honum hafi greinilega verið brugðið.

Vitnið G kom fyrir dóminn og útskýrði þær matsgerðir sem liggja fyrir í málinu. Kvað vitnið matsgerð II sýna aðferðarfræðina við að reikna út hugsanlegan götustyrk efnanna og magn. Séu þessir útreikningar byggðir á rannsóknum sem hafi verið gerðar, bæði hérlendis og erlendis. Vitnið kvað amfetamínið sem kom til rannsóknar hafa verið mjög rakt en nánast hreint amfetamín.

Matsgerðir.

Í gögnum málsins liggja fyrir þrjár matsgerðir frá Rannsóknastofu í lyfja- og efnafræði við Háskóla Íslands.

Í matsgerð frá 22. apríl 2015 kemur fram að eitt sýni af MDMA hafi verið sent til rannsóknar. Hafi styrkur MDMA í því sýni verið 78% sem samsvaraði 93% af MDMA-klóríði. Tvö sýni af amfetamíni voru send til greiningar. Reyndist innihald amfetamínbasa í sýninu vera 69% sem samsvaraði 94% af amfetamínsúlfati. Eitt sýni af kókaíni var tekið til rannsóknar og reyndist styrkur kókaíns vera 64% sem samsvaraði 72% af kókaínklóríði.

Í matsgerð frá 16. júní 2015 kemur fram að tvö sýni af MDMA voru send til rannsóknar. Reyndist styrkur efnisins vera 79%, sem samsvaraði 94% af MDMA-klóríði. Sjö sýni af amfetamíni voru send til rannsóknar. Var styrkur amfetamínbasa í sex sýnum 71% sem jafngilti 97% af amfetamínsúlfati. Eitt sýnið innihélt 72% af amfetamínbasa sem samsvaraði 98% af amfetamínsúlfati.

Í matsgerð II frá 30. apríl 2015 segir að úr því magni af MDMA-klóríði sem flutt var inn hafi mátt framleiða 85.014 töflur sem innihaldi 92 mg af MDMA og er þá miðað við meðalgildi styrkleika þeirra taflna sem komu til rannsóknar á tímabilinu 1. janúar 2010 til ársloka 2014. Úr því magni af amfetamínsúlfati sem kom til landsins mátti framleiða tæplega 42 kg af efni sem væri 5,8% að styrk. Í forsendum þeirrar niðurstöðu var miðað við rannsókn lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu á götustyrk amfetamíns sem lagt var hald á á árunum 2005 og 2006. Úr því kókaínefni sem flutt var til landsins var reiknað út að úr mætti framleiða 430 g af neysluskömmtum sem væru að meðaltali 29% að styrkleika. Í þeim forsendum var

gengið út frá dönskum rannsóknum á neyslustyrkleika kókaíns árið 2013.

Forsendur og niðurstöður.

Eins og fram kemur í matsgerðum Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði við Háskóla Íslands var MDMA-efnið sem ákærða flutti til landsins mjög sterkt efni sem mátti framleiða rúmlega 85.000 töflur úr í neysluskömmtum. Þá var amfetamínið nánast hreint amfetamínsúlfat eftir þurrkun og mátti framleiða úr því rúmlega 42 kíló af efninu í neyslustyrk. Þá mátti framleiða um 430 g af kókaíni í neysluskömmtum úr því efni sem ákærða flutti inn. Var hér um að ræða mjög sterkt efni sem framleiða mátti úr fjölmarga neysluskammta. Ljóst þykir að slíkt magn er um að ræða að það hafi verið ætlað til sölu og dreifingar.

Engin gögn liggja fyrir um sakaferil ákærðu erlendis en hún hefur ekki áður gerst brotleg við íslensk lög. Ákærða játaði að hafa komið með 9.053,55 g af amfetamíni og 194,81 g af kókaíni til landsins en neitaði að hafa vitað um 10.027,25 g af MDMA-dufti í farangurstösku dóttur sinnar. Ákærða hefur játað að hafa ætlað að flytja fikniefni inn til Íslands umrætt sinn en það hafi átt að vera tvö til þrjú kíló og hafi hún átt að fá greiddar tuttugu þúsund evrur fyrir. Ákærða lýsti því svo að hún hafi ekki átt neina ferðatösku til að pakka niður persónulegum eigum fyrir helgarferðina til Íslands né fyrir dóttur sína og því látið Nikki hafa föt til fararinnar en hún hafi boðist til að pakka þeim niður fyrir þær. Hún hafi treyst henni og manni hennar en þau hafi verið vinir sínir.

Ákærða kvaðst hafa séð farangurstöskur þeirra fyrst á flugvellinum og treyst því að engin fikniefni væru í tösku dóttur hennar. Ákærða innritaði sig og dóttur sína á flugvellinum og lét töskurnar á færiband. Hvor taska um sig, sem voru að svipaðri stærð samkvæmt ljósmyndum og leyfðar eru í handfarangri, voru um tíu kíló. Ákærða gaf þá skýringu á vigt tasknanna að dóttir hennar hafi þurft mikið af snyrtivörum, hárblásara o.fl. sem henni hafi verið næg skýring á þunga tasknanna. Þó svo að „Knop“ hafi sagst ætla að fylgjast með þeim þar til þær væru innritaðar, þá var hann vinur ákærðu og er það engin skýring á því að ákærða gekk ekki úr skugga um innhald tösku dóttur sinnar strax á flugvellinum. Mátti ákærðu vera ljóst að þyngd tasknanna hafi verið það mikil að annað og meira en tvö til þrjú kíló af fikniefnum væru í þeim auk klæða til helgarferðar. Ákærða Mirjam móttók efnin á flugvellinum án þess að ganga úr skugga um hvers kyns fikniefni um væri að ræða eða hversu mikið magn. Þótt ásetningur hennar hafi ekki staðið til annars en að flytja tvö til þrjú kíló af fikniefnum til landsins, ber hún refsíábyrgð á flutningi þeirra efna sem þær mæðgur voru með þar sem hún lét sér í léttu rúmi liggja hvaða efni eða hversu mikið af efnunum var í töskunum og gekk ekki úr skugga um það sjálf. Mátti hún því gera ráð fyrir hverju sem er í þessum efnunum. Tók hún því áhættuna á því sem í töskunum var og bar ábyrgð á þeim.

Með vísan til þess að ákærða lét þriðja aðila pakka niður í töskur fyrir bæði sig og dóttur sína, sem er sautján ára, ásamt því að ákærða vissi að hún átti að flytja fikniefni til landsins, hafði hún sérstaka ástæðu til að kanna innihald tösku dóttur sinnar. Mátti henni vera ljóst eða í það minnsta hefur hún látið sér það í léttu rúmi liggja hvort fikniefni voru einnig í tösku dóttur hennar. Telur dómurinn að með aðgerðarleysi sínu varðandi tösku dóttur hennar og vitneskju hennar um að ákærða væri að fara að flytja fikniefni í farangri sínum, sé skilyrði 18. gr. almennra hegningarlaga um ásetning uppfyllt. Þó svo að ákærða haldi því fram fyrir

dóminum að hún hafi talið að um tvö til þrjú kíló hafi verið að ræða, þá er það með ólíkindum að ákærðu hafi ekki orðið það ljóst strax á flugvellingnum í Amsterdam að um meira magn var að ræða þar sem töskurnar voru báðar rúm tíu kíló. Er skýring ákærðu um að þyngdin hafi m.a. legið í snyrtivörum, hárbلاسara og flikum fyrir dóttur hennar að engu hafandi, enda er það algjör firra að halda slíku fram og samræmist ekki lýsingu ákærðu á fátækt þeirra og neyð í heimalandinu.

Telur dómurinn lögfulla sönnun fram komna um að ákærðu hafi mátt vera ljóst, eða í öllu falli látið sér í léttu rúmi liggja, hvort eða hversu mikið af fíkniefnum var í ferðatöskum hennar og dóttur hennar en ákærða bar ábyrgð á dóttur sinni vegna ungs aldurs hennar. Verður ákærða því sakfelld fyrir innflutning á þeim efnem sem lýst er í ákærulið 1. Ekkert annað hefur sannast en að ákærða hafi verið burðardýr í umrætt sinn og átt að flytja efnin frá einum aðila til annars. Ákærða lýsti fyrir dóminum fjárhagskröggum sínum og öðrum vandamálum sem knúðu hana til að taka verkið að sér. Engin gögn hafa verið lögð fram sem staðfesta þær frásagnir. Til þess er lítið, ákærðu til refsímildunar, að hún veitti lögreglu liðsinni eftir að hún var handtekin og játaði að nokkru leyti, og ekki er vitað um að hún hafi sakaferil að baki. Til refsipýngingar verður hins vegar að líta til einbeitts ásetnings ákærðu, en þessi ferð var þriðja ferð hennar til landsins í þeim tilgangi að flytja inn fíkniefni eða aðstoða við það, og þess mikla magns og styrkleika efnanna sem ákærða flutti til landsins.

Með hliðsjón af öllu því sem að framan er rakið og með hliðsjón af þeim dómum sem gengið hafa um sambærileg sakarefni á liðnum árum, er refsing ákærðu ákveðin fangelsi í ellefu ár. Gæsluvarðhald er ákærða hefur sætt frá 4. apríl 2015 skal dragast frá refsingunni að fullri dagatölu.

Ákærði Atli Freyr játaði að hafa tekið að sér það verkefni að sækja töskur á hótél í Reykjavík og gert það um viku áður en mæðgurnar komu til landsins. Ákærði neitaði hins vegar að hafa vitað að um fíkniefni væri að ræða. Ákærði fékk í þessum tilgangi sérstakan síma svo að þriðji aðili, „Bart“, gæti haft samband við hann og gefið honum fyrirmæli. Þá átti ákærði að fara með töskurnar á Grand Hótél og afhenda þær þriðja aðila þar. Tók Atli við tösku og pakka fyrir utan Hótél Frón, sem hann mátti vita að væru fíkniefni, sem ætluð væru til söludreifingar hér á landi, en lögreglan hafði skipt þeim út fyrir gerviefni. Þá liggur fyrir að ákærði hafi tekið þátt í undirbúningnum í um viku áður en hann var handtekinn og einnig að hann fékk skilaboð um breyttan komutíma mæðgnanna sem frestaði komu hans á hótelið. Ákærði talaði um það fyrir dóminum að hann ætti að hitta mæðgur. Var ákærða því ekki ókunnugt um hluta af ferlinu. Þá fékk ákærði greiðslu fyrir þátt sinn strax í upphafi og átti síðan að fá viðbótargreiðslu þó svo að ekki liggi fyrir hversu mikla, þegar hann afhenti efnin. Fyrir dóminum kvaðst ákærði hafa talið að hann væri að sækja stera og að refsilaust væri að hafa stera undir höndum. Samrýmist ekki sú frásögn hans því að hann hafi á sama tíma fengið háar greiðslur fyrir milligöngu sína og þá ekki þeim öryggisráðstöfunum að vera með sérstakan síma til verksins. Er það seinni tíma skýring og að engu hafandi. Fram kom fyrir dóminum að ákærði á sér langa sögu vegna neyslu fíkniefna og ýmissa lyfja. Kvaðst hann hafa verið mjög lyfjaður umrætt sinn og ekki vitað hvað hann var að gera. Samkvæmt vitninu F, sem stóð að handtöku Atla, var ekki talið að Atli hafi verið undir áhrifum lyfja eða annarra efna þegar hann var handtekinn. Telur dómurinn hafið yfir allan vafa að ákærða hafi mátt vera ljóst að hann var að leggja fíkniefnaflutningi lið og lét hann sér í léttu rúmi liggja hvaða efni hann ætlaði að flytja og í hvaða magni. Er

framburður hans um annað ótrúverðugur. Verður ákærði sakfelldur fyrir þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru og honum gerð refsing fyrir. Þrátt fyrir erfiðleika ákærða og veikindi í langan tíma verður það ekki metið honum til refsilækkunar. Ákærði á sér því engar málsbætur. Er brot ákærða réttilega heimfært til 173 gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 20. gr. sömu laga, eins og kemur fram í ákærinni. Þrátt fyrir að um tilraun sé að ræða af hálfu ákærða Atla, stóð ásetningur hans til að sækja raunveruleg efni. Hefur það ekki áhrif við ákvörðun refsingar að honum sé refsað fyrir tilraun.

Ákærði Atli Freyr á sér nokkurn sakaferil frá árinu 2008 en þá gekkst hann tvisvar undir sátt fyrir brot gegn lögum um ávana- og fikniefni. Á árinu 2009 var ákærði dæmdur í þrjátíu daga fangelsi, skilorðsbundið í eitt ár, fyrir brot gegn lögum um ávana- og fikniefni. Ákærði gekkst tvisvar á því ári undir sátt fyrir brot gegn lögum um ávana- og fikniefni og ölvunarakstur. Þá gekkst ákærði undir sátt í nóvember 2012 fyrir brot gegn lögum um ávana- og fikniefni og 8. október 2013 var ákærði dæmdur til greiðslu sektar fyrir brot gegn lögum um ávana- og fikniefni. Hefur ákærða því sex sinnum áður verið gerð refsing fyrir fikniefnalagabrot. Með vísan til þess sem að framan er rakið er refsing ákærða Atla Freys ákveðin fangelsi í fimm ár. Skal gæsluvarðhald er ákærði sætti frá 7. apríl til 22. apríl 2015 dragast frá refsingunni að fullri dagatölu.

Sakarkostnaður.

Með vísan til 219. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála ber að dæma ákærðu til að greiða sakarkostnað. Samkvæmt yfirliti um sakarkostnað ber ákærðu að greiða óskipt 1.013.198 krónur sem er vegna rannsóknar á efnunum, matsgerða og rannsóknar á ákærðu Mirjam. Þá er ákærðu Mirjam gert að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhannesar Árnasonar hdl., samtals 2.598.420 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, auk útlagðs kostnaðar vegna ferða og aksturs, samtals 227.512 krónur.

Ákærði Atli Freyr greiði þóknun skipaðs verjanda síns á rannsóknarstigi, Jóns Egilssonar hdl., 204.600 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, auk ferðakostnaðar, 13.920 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns á rannsóknarstigi og fyrir dóminum, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar hrl., 613.800 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Upptæk eru gerð 9.053,55 g af amfetamíni, 10.027,25 g af MDMA og 194,81 g af kokaíni.

Dóm þennan kveður upp Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari.

Dómsorð:

Ákærða, Mirjam Foekje van Twujver, sæti fangelsi í ellefu ár. Til frádráttar refsingunni dregst gæsluvarðhald sem ákærða hefur sætt frá 4. apríl 2015 að fullri dagatölu.

Ákærði, Atli Freyr Fjölnisson, sæti fangelsi í fimm ár. Til frádráttar refsingunni dregst gæsluvarðhald sem ákærði sætti frá 7. apríl sl. til 22. apríl 2015.

Ákærðu greiði óskipt 1.013.198 krónur í sakarkostnað.

Ákærða Mirjam greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhannesar Árnasonar hdl., 2.598.420 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, og ferðakostnað, samtals 227.512 krónur.

Ákærði Atli Freyr greiði þóknun skipaðs verjanda síns á rannsóknarstigi, Jóns Egilssonar hdl., samtals 204.600 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, og ferðakostnað, 13.920 krónur. Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar hrl., 613.800 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Upptæk eru gerð 9.053,55 g af amfetamíni, 10.027,25 g af MDMA og 194,81 g af kokaíni.

Ástríður Grímsdóttir.